


Ertu að tengja?



Hleðsla rafbíla – hvað ber að hafa í huga

Fáið löggiltan rafverktaka til að yfirfara og aðlaga raflögnina áður en rafbíll er hlaðinn í fyrsta sinn.

- Hver tengistaður má einungis hlaða einn rafbíl í einu
- Hver tengistaður skal varinn með yfirstraumvarnarbúnaði sem einungis ver þennan tiltekna tengistað
- Hver tengistaður skal varinn með bilunarstraumsrofa (lekastraumsrofa) sem einungis ver þennan tiltekna tengistað
- Bilunarstraumsrofinn ætti að vera af gerð B – þó má nota gerð A sé jafnframt notuð viðbótarvörn
- Mannvirkjastofnun mælir með að ekki séu notaðir hefðbundnir heimilistenglar til hleðslu rafbíla
- Mannvirkjastofnun mælir með að til heimahleðslu rafbíla séu notaðar þar til gerðar hleðslustöðvar eða iðnaðartenglar
- Stranglega er bannað að nota framlengingarsnúru, fjöltengi eða önnur „millistykki“ við hleðslu rafbíla
- Hleðslustrengir mega ekki liggja þar sem þeir geta orðið fyrir hnjaski, t.d. yfir vegi, gangstéttar eða stíga
- Ekki nota hleðslusnúru eða annan búnað sem hefur skemmst

